

Stjórnarfundur mánudaginn 29.júni 2020 kl 1800 í húsnæði ÍSÍ

Mættir eru. Jón Þorberg, Ágúst, Randi og Valdimar Ólafsson.

1 Drög af tillögum fyrir LH þing

2 Mót í Þýskalandi 1.okt í Lind, Alexander Fedorov

1. Rætt var um sérstaka forkeppni á Landsmótum, engin niðurstaða að svo stöddu.

Valdimar er búinn að gera greinargerð með GT, Gæðingatölti, og ætlar einnig að gera fyrir Gæðingakeppnisskeiðið.

Rætt var um gæðingakeppni innan dyra, ákveðið hefur verið að nefna greinarnar sömu nöfnum og úti, en bæta 3 fyrir aftan, dæmi: A-flokkur 3, B- flokkur 3, ungmennaflokkur 3, unglingsflokkur 3, barnaflokkur 3.

Fjallað stutt um gæðingakeppni sem kynningargrein á næsta HM 2021 og mikilvægi þess að velja 12-15 góða fulltrúa sem væru keppninni til sóma og framdráttar í framtíðinni. Jón Þorberg ætlar að hafa samband mótshaldara og forvitnast um stöðu mála.

2. Í samstarfi við Alexander Federov er stefnt að því halda gæðingamót i Lind í Þýskalandi, jafnframt er stefnt á að halda námskeið með stöðuprófi fyrir gæðingadómara í Þýskalandi dagana fyrir mótið og þeir dæmi svo á mótinu.

Jón Þorberg ætlar að hafa samband við IPZV, Þýska sambandið og láta vita það verða sendir fulltrúar.

Rætt var um reglu 7.2.2 þar sem barn, unglingur, ungmenni getur tekið þátt í öðrum greinum á sama hesti á sama móti. Vísað til keppnisnefndar.

Fjallað var um þegar hestamannafélög bjóða upp á áhugamannaflokk í A og B flokk gæðinga. Þegar knapi ríður fleiri en einum hesti inn í úrslit, megi hann hafa varaknapa

og þarf hann þá að vera líka áhugamaður? Það væri eðlilegt að hafa sömu reglu og í yngri flokkum, þ.e. knapi velji einn hest sem hann ríður í úrslitum.

Fundi slitið kl 19:00.